



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Landsvirkjun
Hörður Arnarson, forstjóri
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 12. febrúar 2020
Tilv.: FOR19120016/3.5

Um undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga

Upplýsingalög, nr. 140/2012, taka til allrar starfsemi stjórnvalda og auk þess til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna. Þau taka þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði geti forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Þá er jafnframt kveðið á um að forsætisráðuneytið skuli halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skuli undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun um undanþágu samkvæmt málsgreininni tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í athugasemdum við 2. gr. í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga segir að undanþáguheimild 3. mgr. 2. gr. verði aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fari á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá er tekið fram að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst sé jafnframt að henni verði að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 4. tölul. 10. gr. sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

Erindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og málsmeðferð forsætisráðherra

Við birtingu auglýsingar nr. 1175/2016 tók gildi sú ákvörðun forsætisráðherra að Landsvirkjun Power ehf. og Orkufjarskipti hf. skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga og skyldi undanþágan endurskoðuð eigi síðar en 1. janúar 2020. Með bréfi til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, dags. 10. desember 2019, færði Landsvirkjun rök fyrir því að Landsvirkjun Power og Orkufjarskipti skyldu áfram undanþegin gildissviði upplýsingalaga. Frá því félagunum var veitt áframhaldandi

undanþága frá gildissviði laganna árið 2016 hefðu engar breytingar orðið sem leiða ættu til þess að undanþágan félli brott. Hvorki hefði rekstur eða rekstrarumhverfi félaganna breyst, né heldur hefðu orðið nokkrar þær breytingar á þeim mörkuðum sem félögin störfuðu á sem réttlættu að áframhaldandi undanþága yrði ekki veitt.

Í erindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 27. desember 2019, var tekið undir það sem kom fram í erindi Landsvirkjunar og lagt til að félögin yrðu áfram undanþegin gildissviði laganna. Með bréfi, dags. 30. desember 2019, var óskað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um félögin tvö, sbr. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga. Í umsögn stofnunarinnar, dags. 17. janúar 2020, gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við það að Landsvirkjun Power og Orkufjarskiptum yrði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga.

Niðurstaða

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins er fjallað um starfsemi Landsvirkjunar Power ehf. og Orkusölnunnar hf. og markaðsaðstæður á því sviði sem fyrirtækin starfa á, og hvort starfsemi fyrirtækjanna sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs (99,9%) og Eignarhluta ehf. (0,1%). Einkahlutafélagið Eignarhlutir er jafnframt í 100% eigu ríkisins. Samkvæmt fyrrnefndum lögum er tilgangur Landsvirkjunar að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins hverju sinni, sbr. 2. gr. laganna. Landsvirkjun starfar að mestu leyti við vinnslu raforku sem samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 lýtur lög málum frjálsrar samkeppni.

Landsvirkjun Power ehf.

Landsvirkjun Power ehf. er 100% í eigu Landsvirkjunar. Félagið var stofnað árið 2007 í þeim tilgangi að annast starfsemi Landsvirkjunar utan Íslands.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram að hlutverk félagsins sé að nýta þekkingu Landsvirkjunar til að vinna að ráðgjafarverkefnum í orkumálum á alþjóðavettvangi en sú starfsemi sem fram fer á Íslandi sé eingöngu í þágu Landsvirkjunar. Starfsemi Landsvirkjunar Power taki þannig til ráðgjafarþjónustu vegna orkumála og sé um að ræða þjónustu sem veitt er á alþjóðavettvangi. Félagið sinni þannig sérfræðiþjónustu á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila, þar á meðal aðra innlenda og erlenda keppninauta.

Orkufjarskipti hf.

Orkufjarskipti hf. var stofnað árið 2012 og er í jafnri eigu Landsvirkjunar og Landsnets, sem er að 64,73% hluta í eigu Landsvirkjunar. Hlutverk Orkufjarskipta er að reka fjarskiptakerfi fyrir raforkukerfi Íslands á öryggismiðuðum forsendum.

Samkeppniseftirlitið hefur talið fjarskiptamarkaðinn skiptast í nokkra undirmarkaði, sbr. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging - Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, bls. 105. Hjá Póst- og fjarskiptastofnun eru Orkufjarskipti skráð fjarskiptafyrirtæki þar sem starfsemi fyrirtækisins er tilgreind „fjarskiptanet“, sbr. 13. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram að fjarskiptanet Orkufjarskipta byggi á því kerfi sem var upprunalega í eigu Landsnets, Landsvirkjunar og Fjarska. Orkufjarskipti sé félag sem hafi það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins, sbr. d-lið 5. mgr. 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, en þar sé að finna heimild fyrir eignarhaldi Landsnets í Orkufjarskiptum. Starfsemi Orkufjarskipta taki ekki til almennrar fjarskiptaþjónustu í þeim skilningi að almenningi standi hún til boða. Þannig megi segja að starfsemi fyrirtækisins taki til nokkuð sérhæfðs fjarskiptanets fyrir kaupendur þjónustunnar á raforkumarkaði á heildsölustigi. Kaupendur fjarskiptaþjónustu af Orkufjarskiptum séu í dag eigendur þess, Landsnet hf. og Landsvirkjun auk þess sem félagið leigi

svartan ljósleiðara til annarra fjarskiptafélaga.

Orkufjarskipti bjóði jafnframt upp á aðra þjónustustarfsemi fyrir eigendur sína og aðra, svo sem leigu á ljósleiðara á heildsölumarkaði til annarra fjarskiptafyrirtækja og ráðgjöf og þjónustu í tengslum við uppbyggingu og þróun fjarskiptakerfa, sbr. og heimild d-liðar 5. mgr. 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, um heimild fyrirtækisins til sölu á umframflutningsgetu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hafi undir höndum hafi engin breyting átt sér stað í þeim efnum.

Þrátt fyrir að meginstarfsemi Orkufjarskipta taki til sérhæfðrar þjónustu á sviði öryggisfjarskipta á raforkumarkaði veiti fyrirtækið auk þess fjarskiptaþjónustu til annarra fjarskiptafélaga um eigið grunnet. Orkufjarskipti séu því í samkeppni við önnur fjarskiptafyrirtæki sem reki fjarskiptanet hér á landi um veitingu þjónustu um það. Varðandi markaðsaðstæður í tengslum við ráðgjöf Orkufjarskipta sem varði uppbyggingu og þróun fjarskiptakerfa telur Samkeppniseftirlitið að Orkufjarskipti starfi á samkeppnismarkaði þar sem mögulegir keppinautar séu önnur fjarskiptafyrirtæki, verkfræðistofur eða aðrir einkaaðilar sem bjóði upp á slíka sérfræðiþjónustu hér á landi eða erlendis.

Hvorki Landsvirkjun Power ehf. né Orkufjarskiptum hf. hefur verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er einkaréttarlegs eðlis og talið er að félögin stundi ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, þrátt fyrir að vera að meirihluta í eigu íslenska ríkisins í gegnum móðurfélög sín. Þannig sinna félögin hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila á fyrrgreindum mörkuðum. Ef félögin væru skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta.

Að öllu framangreindu virtu hefur forsætisráðherra ákveðið að Landsvirkjun Power ehf. og Orkufjarskipti hf. skuli áfram vera undanþegin gildissviði upplýsingalaga, nr. 140/2012. Undanþágan skal endurskoðuð eigi síðar en 7. febrúar 2023.

Fyrir hönd ráðherra


Una Björk Ómarsdóttir


Egill Pétursson

Ljósrit: Samkeppniseftirlitið.
Samrit: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.